

**Starfsmannafélag  
Dala- og Snæfellsnessýslu**

Alþingi  
Erindi nr. B 120/1485  
komudagur 16/4 1996


Hellissandi 11.04.96.

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Nefndadeild Alþingis, Þórshamri  
v/ Templarasund, 150 Reykjavík

Stjórn Starfsmannafélags Dala og Snæfellsnessýslu hefur tekið til umsagnar frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Stjórnin telur að ekki sé eðlilegt að Alþingi geri einhliða breytingar á réttindum og skyldum ríkisstarfsmanna. Slíkar breytingar er ekki eðlilegt að gera nema með samkomulagi við samtök þess fólks sem undir löggin heyra, það er því krafa Starfsmannafélags Dala og Snæfellsnessýslu að frumvarpsdrögin verði dregin til baka, þessi afstaða mótast einkum af þremur grundvallaratriðum .

- a) Kjarasamningar eru byggðir á lögnum.
- b) Í ráðningarsamningum er vísað til laganna
- c) Það er ósiðlegt að ríkið breyti forsendum ráðningar einhliða að öðru leiti vísun við til umsagnar BSRB.

F.h. Starfsmannafélags Dala og Snæfellsnessýslu

  
Pröstur Kristófersson